

**Ed.**

### **380. Nefndarálit**

um frv. til fjáráukalaga fyrir árin 1920 og 1921.

Frá fjárveitinganefnd.

Það er öllum ljóst, að svo mjög þrengir að fjárhag landsins, að gæta verður hins mesta hófs um fjárveitingar. Vonar nefndin, að tillögur hennar beri þess nokkur merki, að hún hafi haft þetta hugfast.

Hefði betur verið ástatt um fjárhaginn, mundi nefndinni sist hafa verið óljúft að greiða betur fyrir ýmsum fjárbeiðnum en hún nú hefir sjeð sjer fært að gera.

Verður hjer vikið nokkrum orðum að helstu breytingartillögum.

#### I.

Nefndin er sammála fjárveitinganefnd hv. neðri deildar um það, að fá-um muni víst koma til hugar, að ráðherrar geti lifað af þeim launum, sem lögð eru embættum þeirra, er miðað er við dýrtíð þá, er verið hefir undanfarinn tíma fjárhagsársins 1920—1921 og enn helst við að mestu, og sanngjarnt sje, að þeir þurfi að gefa mikið með sjer. Nefndin ber því fram breytingartillögu, þess efnis, að hverjum ráðherranna sje veitt 2000 kr. dýrtíðaruppbót, og hefir ekki farið hærra, til samkomulags við hv. neðri deild.

#### II.

Veturinn 1919—20 dvaldi hjeradslæknir Norðfjarðarhjeraðs, Pjetur Thoroddsen, í Reykjavík, en Árni Vilhjálmsson cand. med. þjónaði Norðfjarðarhjeraði fyrir hann. Seint í aprílmánuði 1920 tilkynti Thoroddsen Árna lækni með sím-skeyti, að hann segði honum upp starfinu frá 1. maí og segist þá taka við em-bættinu, en í skeyti 30. apr. tilkynnir hann, að hann taki við læknisstörfum í Borgarfjarðarhjeraði, er þá var læknislaust.

Árni læknir gat ekki þjónað læknishjeraðinu nema til 1. júní, því hann var ráðinn á sjúkrahús í Bergen, en landsstjórnin gat ekki fengið lækni í hjer-aðið fyr en í lok maímánaðar, og veitti meira að segja örðugt að fá hann nokkurn.

Nú var svo ástatt í Norðfjarðarhjeraði, þegar læknislaust átti að verða

svona skyndilega, að influenxa gekk á Seyðisfirði og í Reyðarfirði, en vörnum gegn henni baldið uppi í Norðfjarðarhjeraði. Hins vegar gekk kíghósti í börnum á Norðfirði og þungt kvef, og þóttust þá Nesbrepptsbúar ekki mega vera læknilausir, ef annars væri kostur. Varð því að samningum milli þeirra og Árna læknis, að hann inti af hendi læknisstörf í hjeraðinu, þangað til hinn nýsetti læknir kæmi. Fyrir læknisstarfið greiddi Nesbrepptur Árna lækni kr. 460,00, en óskar endurgreiðslu á þessari fjárhæð úr rikissjóði.

Með því að nefndin verður að líta svo á, að þessi ráðstöfun hrepptsnefndar Nesbreppts hafi, eftir atvikum, verið hyggileg og nauðsynleg, leggur hún til, að hreppturinn fái þessa umræddu fjárhæð endurgreidda úr rikissjóði.

### III.

Læknarnir Gunnl. Claessen og Jón Kristjánsson og dýralæknir Magnús Einarson hafa allir sótt um fjárstyrk til utanfarar, tveir þeirra til að fara á læknafundum í sjerfræðigreini sinni og hinn þriðji til þess að afla sjer nýrra verkfæra, er honum eru nauðsynleg til þess að reka starfið sem sjerfræðingur í sinni læknisment. Nefndinni er ljúft að verða við ósk þeirra um nokkurn styrk, en af því að fjárhagur landsins er svo þröngur, treystir hún sjer ekki til þess að ákveða styrkveitinguna hærri en gert er í tillögum nefndarinnar.

### IV.

Í brtt. nefndarinnar er lagt til, að feld sje tillagan um launabætur til Jóns Straumfjörðs, dyravarðar pósthússins. Nefndin lætur þess getið, að umsókninni um þessar launabætur fylgja engin meðmæli frá aðalpóstmeistararum, sem þó hefir ráðið hann til starfsins, og getur þess vegna heldur ekki aðhyllst fjárveitinguna.

### V.

Í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar fyrir árið 1922 er gert ráð fyrir 25 þúsund kr. fjárveitingu til aðgerðar og endurbyggingar Holtavegarins, gegn því, að Rangárvallasýsla leggi fram  $\frac{1}{3}$  kostnaðar. Hv. neðri deild hefir samþykkt að leggja, þegar á þessu ári, fram 7000 kr. til undirbúnings endurbyggingar vegarins, gegn því, að sýslufjelagið leggi til  $\frac{1}{3}$  kostnaðar. Hins vegar fer umsókn sýslumanns Rangárvallasýslu, fyrir hönd sýslunefndar, fram á 7000 kr. fjárstyrk til viðhalds þessa vegar, en telur sýslunni um megn að leggja nokkuð fram, bæði nú og á næsta ári, til aðgerðar eða endurbyggingar vegarins.

Nefndin getur ekki mælt með því, að ríkið taki að sjer viðhald vegarins, og verður, eftir atvikum, að ráða frá því, að ráðist sje í endurbyggingu á þessu ári.

### VI.

Samgöngumálanefnd hefir felld framkomnar tillögur um styrk til mótorbátsferða frá Reykjavík til kaupúnanna í Arnessýslu, en til samkomulags við háttvirta neðri deild mælir fjárveitinganefnd með því, að sá styrkur sje veittur, sem tiltekinn er í breytingartillögunni.

### VII.

Breytingartillögurnar við 13. lið 4. gr. eru gerðar af því, að sanngjarnt

þykir, að sýslunefnd Austur-Skaftafellssýslu ráði ein um það, hve langt mótorbáturinn frá Hornafirði fari austur og norður á bóginn, í sambandi við ferðir Sterlings og Goðafoss. Er þá ekkert því til fyrirstöðu, að einhverjar ferðir verði farnar alla leið til Seyðisfjarðar, ef þörf þætti vera á því, er til kemur.

#### VIII.

Fjárveitingar til vitanna á Arnarnesi og Elliðaey leggur nefndin til, að falli niður, af því að hún getur ekki viðurkennt, að þörfin á endurbyggingu þessara vita sje fremur aðkallandi en þörfin á þeim vitum, sem þegar hefir verið veitt fje til í fjárlögum og ekki hafa fengist bygðir vegna fjárskorts. Endurbyggingar þessar mundu því sennilegast, af þessum sömu ástæðum, alls ekki verða framkvæmdar.

#### IX.

Nefndinni þykir líklegt, að hægt sje að reisa prestsseturshúsið á Stað í Grunnavík fyrir 27 þúsund krónur, ef allrar sparsemi er gætt. Upp í það er til brunabótafjeð, 14 þúsund krónnr; biskup gerir ráð fyrir 5 þúsund króna presta-kallaláni. Ætti þá ekki að þurfa nema 8000 króna fjárveitingu.

#### X.

Nefndinni hafa ekki borist neinar upplýsingar, er sanni henni það, að rjett sje að veita launabót þá til dyravardar háskólans, sem samþykkt var í neðri deild.

#### XI.

Ekki verður á það fallist, að þeir kennararnir Sigurbjörn Á. Gíslason og Guðmundur Kristjánsson eigi neina lagakröfu um launabætur fyrir árið 1920, en nefndin tekur þó umsóknir þeirra að miklu leyti til greina.

#### XII.

Flensborgarskólinn er ekki landsskóli, og því ekki sanngjarnt, að ríkið beri eitt þann halla, sem verður á rekstri hans. En af því nefndin telur hann góðs maklegan, vill hún þó víkjast vel við umsókn hans um viðbótarstyrk, en það er skoðun nefndarmanna, að skólinn verði Hafnarfjarðarkaupstað til meiri nota en öðrum hjeruðum landsins, og vill hún því binda nýja fjárveitingu til hans því skilyrði, að Hafnarfjarðarkaupstaður leggi fram 1450 kr.

#### XIII.

Umsóknin um styrk til blindrar stúlku er svo ófullnægjandi, að ekki verður sjeð, hver styrkinn eigi að fá. — Það eitt er upplýst, að hún sje ísírsk. Fáí stjórnin fullnægjandi upplýsingar um þörf stúlku þessarar og sjái sjer fært að útvega henni stað erlendis, ætlast nefndin til, að stjórnin veiti henni styrk upp á væntanlega aukafjárveitingu.

#### XIV.

Til kaupstaðabókasafna er veitt fje í nógildandi fjárlögum, og treystir nefndin sjer ekki til þess nú að bæta við þá fjárveitingu.

#### XV.

Ekki virðist rjett að koma því á, að styrks sje krafist til handa skáldum og listamönnum, umfram sje það, sem Alþingi veitir í fjárlögum. Þess vegna leggur nefndin til, að styrkveitingar til þeirra falli niður, en vill taka til íhugunar hækkun á skálda- og listamannastyrknum við meðferð fjárlaganna.

#### XVI.

Nefndin er sammála fjárveitinganefnd neðri deildar um styrkpörf Jóhannesar L. L. Jóhannssonar, og hefir því tekið upp fjárveitingu til hans.

#### XVII.

Það var samþnga álit nefndarmanna, að æskilegt væri að fá sem besta tryggingu fyrir því, að viðgerðin á bryggjunni á Akranesi yrði kaupúninu og hjeraðinu að sem bestum notum, og því ber nefndin fram breytingartillögu við athugasemdina um liðinn, þess efnis, að verkið sje framkvæmt eftir áætlun, er ríkisstjórnin lætur gera, og með eftirliti af hennar hálfu.

#### XVIII.

Að því er snertir 1. lið. 8. gr., þá er nefndin sammála um, að fjárhæðin til Sigurðar Jónssonar fyrirv. atvinnumálaráðherra eigi að standa óbreytt. Er það í fullu samræmi við það, sem bókað er í fundarbók fjárveitinganefndar efri deildar á fundi hennar 27. febr. 1920. En með því að þar er ekkert kveðið á um það, að hið útborgaða sje skuli teljast eftirlaun, og endanlega ráðstöfun um fjárveitingu til hans verður að gera í fjárlögum næsta árs, þykir nefndinni orðalag það á útgjaldaliðnum, er hún hefir valið, betur við eigandi.

#### XIX.

Fjárveitingarnar til sjúkra embættismanna taldi nefndin rjett að færa allar saman undir þá grein fjárlaganna, sem sfallar um óviss útgjöld. Út frá því er gengið, að stjórnin veiti þeim utanfararleyfi og þeir semji við hana um þjónustu á embættum þeirra.

Alþingi, 23. apríl 1921.

Jóh. Jóhannesson,  
formaður.

S. H. Kvaran,  
fundaskrifari og ritari.

Hjörtur Snorrason.

H. Steinsson.

Einar Árnason.